



Reykjavík 12.10.2017

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 11. október 2017 varðandi eftirfarandi mál.


Alþingisreitur

Lögð fram umsókn Sigurðar Einarssonar, mótt. 4. október 2017, varðandi breytingu á deiliskipulagi Alþingisreits. Í breytingunni felst að skilmálum verður breytt í samræmi við vinningstillögu í hönnunarsamkeppni um nýbyggingu Alþingis, varðandi hæðir og lögun nýbygginga, samkvæmt deiliskipulags- og skýringaruppdr. Batterísins Arkitekta ehf., dags. 4. október 2017. Einnig er m.a. gert ráð fyrir að byggja litla tveggja hæða byggingu á mótum tengiganga sunnan Kirkjustrætis 10A, auk þess sem fallið verður frá því að gera sýnilegar þær fornminjar, sem búið er að fjarlægja, en varðveittar fornminjar verða áfram í núverandi kjallara Kirkjustrætis 4. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands, dags. 25. ágúst 2017, varðandi fornleifar.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.


Vísað til borgarráðs.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs



Björgvin Rafn Sigurðarson

Fylgiskjöl: deiliskipulags- og skýringaruppdr. Batterísins Arkitekta ehf., dags. 4. október 2017 og umsögn Minjastofnunar Íslands, dags. 25. ágúst 2017, varðandi fornleifar.



BREYTING Á DEILISKIPULAGI ALÞINGISREITS





MKV 1:1000
GILDANDI DEILISKIPULAG, SAMÞYKKT Í BORGARRÁÐI 16.06. 2016 / EMBÆTTISAFGREIÐSLUF. SKIPF. 19.08. 2016 OG AUGLÝST Í B-DEILD STJÓRNARTÍÐINDA 18.10. 2016





MKV 1:1000
DEILISKIPULAG EFTIR BREYTINGU




SNEIÐING A-A, KIRKJUSTRÆTI MKV 1:500



SNEIÐING B-B MKV 1:500



SNEIÐING C-C, TJARNARGATA MKV 1:500



SNEIÐING D-D, VONARSTRÆTI MKV 1:500

GREINARGERÐ BREYTINGA

Í gildi er deiliskipulagsuppráttur ásamt greinargerð dags. 19.03.1998 samþykkt í Borgarráði 30.06.1998, síðast breytt 16.06.2016 og öðlaðist gildi þann 18.10.2016 í B-deild Stjórnartíðinda.

Í kjölfar hönnunarsamkeppni um nýbyggingu Alþingis eru lagðar til meðangreindar breytingar á deiliskipulagi.

Breytingar á deiliskipulagi eru, í samræmi við Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, eftirtaldar:

1. Heildarbyggingarmagn sem og nýtingarhlutfall á reitnum er óbreytt frá samþykktu skipulagi í Borgarráði 18.10.2007. Samtals stærð nýbygginga ofanjarðar 7.400m².
2. Kirkjustræti 6 - mænishæð hækkar lítillega til samræmis við Kirkjustræti 4, en götumynd hefur verið uppfærð eftir uppmælingu við flutning.
3. Í samráði við Minjastofnun Íslands er fallið frá því að gera forminjar, sem búið er að fjarlægja, sýnilegar á áður afmörkuðum reit sunnan Vonarstrætis 12. Varðveittar forminjar verða áfram í núverandi kjallara Kirkjustrætis 4.

4. Nýir skilmálar koma í stað Kafla 5.4 í gildandi greinargerð sem ber heitið; Kirkjustræti, Tjarnargata, Vonarstræti - skrifstofubygging.

Gildandi skilmálar samkvæmt skipulagsbreytingu 18.10.2007, 3. lið, eru eftirfarandi:


Hæð nýbygginga verður 3-5 hæðir. Nýbygging milli húsanna nr. 8 og 6 (áður Vonarstræti 12) við Kirkjustræti, er 3 hæðir þar sem hámarks hæð á þakkanti er hæð þakkants á húsi nr. 8. Nýbygging meðfram Tjarnargötu trappast úr 3 hæðum næst Kirkjustræti upp í 5 hæðir að Vonarstræti. Fimmta hæðin er inndregin um 2m frá götu nema hornið, sem má vera fullar 5 hæðir að ystu mörkum byggingareits. Gerð er krafa um að hornið teikni sig sem sérstakur byggingarhluti sbr Vonarstræti 10. Frávik frá byggingarreit eða útskot eru heimiluð á 2.-5. hæð á horninu til að uppfylla fyrrgreinda kröfu. Hæð á þakkanti 4 hæðar skal vera sá sami og á húsi nr. 10 við Vonarstræti. Greið gönguleið fyrir almenning í gegnum reitinn skal vera í gegnum nýbyggingu næst húsi nr. 10 við Vonarstræti.

Skilmálar breytast og verða eftirfarandi:
Hæð nýbygginga verður 2-5 hæðir með hámarks kóta 23,60m. Heimilt að hafa inndregið tæknirými á afmörkuðum reit 6. hæðar með hámarks kóta 27,50m. Nýbygging á lóðinni nr 6 við Kirkjustræti er 2 hæðir og ris auk kjallara þar sem hámarksþakhæð/mænishæð er kóti 18,00m. Nýbygging meðfram Tjarnargötu er lægst næst Kirkjustræti, 2 hæðir og trappast upp í 5 hæðir að Vonarstræti. Næst Vonarstræti 10 er nýbygging 4 hæðir með þakkant í sömu hæð og það hús, en hækkar upp í 5 hæðir nær horni við Tjarnargötu. Innri línur byggingarreits eru til viðmiðunar en ekki nákvæm staðsetning hæðarskila í byggingunni. Greið gönguleið fyrir almenning í gegnum reitinn skal vera næst Vonarstræti 10.

5. Þar sem tengingar á 2.hæð mætast sunnan Kirkjustrætis 10a, er heimilt að byggja tveggja hæða hús.

Fylgiskjöl deiliskipulags eru skýringaruppráttur nr 02 og bréf Minjastofnunar um breytt áform við varðveislu forminja.

Að öðru leyti en framan greinir gilda eldri skipulagsskilmálar.



ADALSKIPULAG REYKJAVÍKUR 2010-2030

SKÝRINGAR:

- SKIPULAGSMÖRK
- LÖDAMÖRK
- NÚVERANDI BILAKJALLARI
- NÝR KJALLARI/BILAKJALLARI
- BYGGINGAREITUR
- KRAFA UM FRÁVIK (ÚTSKOT)
- NÝBYGGING
- FORNMYNJAR Í KJALLARA
- NÚV. BYGGINGAR
- GARÐUR
- FLUTT HÚS
- KVÖÐ UM GÖNGULEIÐ
- ADKOMA BILAKJALLARA

2. Auglýst breyting á gildandi deiliskipulagi sem er auglýst, þ.e. veruleg breyting:

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr.

skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í _____

þann _____ 20__ og í _____ þann _____ 20__.

Tillagan var auglýst frá _____ 20__ með athugasemdafresti til _____.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20__

Alþingi
VERKGAÐAFRÍ EIGANDEI
Deiliskipulagsbreyting
TEGLIÐ VÍSIR

Alþingisreitir
GATASÆÐING

Deiliskipulagsuppráttur

LANDNÚMÉR:	-
STADGR:	1,14,1
MHL:	-
MKV:	1:1000 & 1:500
BLADSTÆRÐ:	A1
ÚTGÁFA DAGS:	04.10.2017
TEIKNAD:	SE
YFIRFARID:	SE

1518 **01**

VEIÐIR: _____ RÆÐIR: _____ ÚTGÁFA: _____

BATTERÍD | ARKITEKTAR
Hvalseyrarbraut 32 | 220 Hafnarfjörð | Sí: 54 54 700 | batteri@arkitekt.is | www.arkitekt.is

© BATTERÍD | ARKITEKTAR
ÖLL HNOT OG AFHÖFUND TÆKNINGAR AD HULTA EDA HIELD ER HÁÐ SORFLEGU LEYTI HÖFUNDA

Sigurður Einarsson FAI
kt: 110457-2789

BREYTING Á DEILSKIPULAGI ALÞINGISREITS



TILLAGA AÐ NÝBYGGINGU - SÉÐ FRÁ RÁÐHÚSI. HÖF: STUDIO GRANDA



TILLAGA AÐ NÝBYGGINGU - SÉÐ FRÁ VONARSTRÆTI. HÖF: STUDIO GRANDA



TILLAGA AÐ NÝBYGGINGU KIRKJUSTRÆTI 6. HÖF: STUDIO GRANDA



ADALSKIPULAG REYKJAVÍKUR 2010-2030

SKUGGAVARP



21. JÚNÍ - KL. 9:00



21. JÚNÍ - KL. 12:00



21. JÚNÍ - KL. 15:00



21. SEPT. - KL. 9:00



21. SEPT. - KL. 12:00



21. SEPT. - KL. 15:00

Alþingi
VERKGAÐPFI/ EIGANDEI
Deiliskipulagsbreyting
TEGLAND/VIRGÍ

Alþingisreitur
GATASÆÐSETNING


Skýringaruppdráttur

LANDNÚMÉR: -
STADGR.: 1,141,1
MHL: -
MKV: -
BLADSTÆRÐ: A1
ÚTGÁFA DAGS: 04.10.2017
TEIKNAD: SE
YFIRFARIÐ: SE

1518

02

VERNRIL: RÆNIRL: ÚTGÁFA:



BATTERÍD | ARKITEKTAR

Hvalseyrarbraut 32 | 220 Hafnarfirði | S: 54 54 700 | batteri@arkitekt.is | www.arkitekt.is
© BATTERÍD | ARKITEKTAR
ÖLL AÐHÖF OG AFMÖTUN TÆKNINGAR AÐ HLUATA EDA I HIELD ER HÁÐ SÖRFLEGU LEYTI HÖFUNDA

Sigurður Einarsson FAI
Kt: 110457-2789

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 25. ágúst 2017
MÍ201708-0051/ 6.09 / A.S.

Efni: Alþingisreitur - breyting á deiliskipulagi, fornleifar

Á nágildandi deiliskipulagi fyrir svokallaðan Alþingisreit er afmarkað svæði fyrir fornleifar við Tjarnargötu á þeim hluta lóðarinnar sem er næst húsinu Kirkjustræti 4. Þar sem í ljós kom að mun veigaminni fornleifar voru á þeim reit en við var búist og þær hafa nú verið fjarlægðar að fullu, fellst Minjastofnun Íslands á þá tillögu skipulagshönnuðar að afmörkun reitsins verði felld úr skipulaginu.

Virðingarfyllst,



Agnes Stefánsdóttir
Sviðsstjóri

*Afrit sent:
Sigurður Einarsson, Batteríð arkitektastofa
Alþingi*



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Rannsóknar- og
miðlunarsvið

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Agnes Stefánsdóttir
Sviðsstjóri
agnes@minjastofnun.is